

Mál nr. 3/2011

Fótboltasamstarfið á Snæfellsnesi (UMF Víkings Ó, ,UMF Reynis, UMF Snæfells og UMF Grundarfjarðar). gegn UMF. Skallagrímur

Kæra

Fótboltasamstarfsins á Snæfellsnesi (UMF Víkings Ó, ,UMF Reynis, UMF Snæfells og UMF Grundarfjarðar).

Dómkröfur

Snæfellsnes fer fram á að vera dæmdur 3-0 sigir í leiknum.

Málavextir

Í leik 5.fl kv á Stykkishólmsvelli þann 13.júlí 2011 spilaði markmaður A liðs Skallagríms einnig sem útileikmaður í B liði Skallagríms.

Tilvísun

Í II kafla reglukerða KSI grein 7.3 kemur fram að „Taki fleiri en eitt lið frá sama félagi þátt í móti, má enginn leikmaður leika nema með einu liði“

Röksemdir

Samkvæmt reglum KSI er athæfi Skallagríms ekki leyfilegt.

Sönnunargögn

Þjálfari Skallagríms viðurkenndi að leikmaðurinn í B liði hefði verið markmaður A liðs og kvaðst hann hafa notað markmann A liðs í B liðið í allt sumar. Einnig voru fjölmargir foreldrar áhorfendur og sáu þeir þetta einnig ásamt leikmönnum sjálfum.

Vitni

Nafn: Selma Pétursdóttir

Kennitala: 200887-2639

Heimilisfang: Staðarbakka 356

Nafn: Arnar Guðlaugsson

Kennitala: 2901685709

Heimilisfang: Eyrarvegur 14 Grundarfirði

Undirskrift:

Fh. Fótboltasamstarfsins á Snæfellsnesi(UMG Víkings, UMF Grundarfjarðar, UMF Reynis og UMF Snæfells) Eygló Bára Jónsdóttir framkvæmdastjóri.

Greinargerð UMF. Skallagríms

Skallagrímur mótmælir ekki að hafa notað viðkomandi leikmann í bæði A og B liða leik. Skallagrímur mætti með 13 leikmenn og færði markmann A liðsins yfir í B liðið svo hægt væri að leika með fullskipað lið.

Markmaður A liðsins lék sem útileikmaður í B liðs leiknum. Þjálfari Snæfellsness vissi af þessu fyrir leik og samþykkti að viðkomandi leikmaður léki báða leikina. Skallagrímur vann leikinn 1-0 og með því að kæra úrslit leiksins, þar sem þau voru Snæfellingum ekki að skapi, sýna nágrannar okkar í vestri sitt rétta andlit og íþróttanda. Verði þeim að góðu með stigin þrjú, þau mega þau hirða okkur að neinalausu. Okkar markmið var að sem flestir fengju að spreyta sig í uppbyggjandi og þroskandi leik þar sem úrslitin í þessum flokki eru ekki aðalatriðið að okkar mati.

Því má bæta við að þjálfari Snæfellsness lét reiði sína bitna á leikmanninum sem færður var á milli leiða og jós yfir hana skömmum eftir leik.

Með íþróttakveðju
Kristmar Ólafsson
Formaður knattspyrnudeildar Skallagríms

Úrskurður fá og aga- og úrskurðarnefnd KSÍ

Ár 2011, þriðjudaginn 26. júlí er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Sigurði Guðmundssyni, Gunnari Guðmundssyni og Helga Magnússyni.

Fyrir er tekið málið nr. 3 /2011:

Fótboltasamstarfið á Snæfellsnesi (UMF Víkings Ó, UMF Reynis, UMF Snæfells og UMF Grundarfjarðar)
gegn
UMF Skallagrímur

Gögn málsins merkt nr. 1-2 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Fótboltasamstarfið á Snæfellsnesi þ.e. UMF Grundarfjarðar kt 630189-2689, UMF Víkingur kt 470579-0139, UMG Reynir kt 680792-2249 og UMF Snæfell kt 600269-6079 hér eftir nefnt FS. Til heimilis að Eyrarvegi 14, 350 Snæfellsbæ.

Kærði: UMF Skallagrímur, kt. 580269-6219, Böðvarsgötu 1, 310 Borgarnesi.

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ innan kærufrests þann 15. júlí sl. með símbrefi og með pósti sem barst 19. júlí sl. Dómari ákvað flýtinmeðferð málsins í samræmi við grein 7.6. í

reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Var kærða því gefinn kostur á að skila geinargerð innan sólarhrings og barst hún skrifstofu KSÍ þann 19. júlí sl. með tölvupósti.

Kröfur:

Kærandi gerir þær dómkröfur að leikur sameiginlegs liðs FS verði dæmdur 3-0 sigur í leiknum.

Hið kærða félag mótmælir ekki að hafa notað viðkomandi leikmann í bæði A og B liða leik.

II.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málsatvikum þannig:

Í leik 5.fl kv á Stykkishólmsvelli þann 13.júlí 2011 spilaði markmaður A liðs Skallagríms einnig sem útileikmaður í B liði Skallagríms.

Þjálfari Skallagríms viðurkenndi að leikmaðurinn í B liði hefði verið markmaður A liðs og kvaðst hann hafa notað markmann A liðs í B liðið í allt sumar. Einnig voru fjölmargir foreldrar áhorfendur og sáu þeir þetta einnig ásamt leikmönnum sjálfum.

Í II kafla reglugerða KSI grein 7.3 kemur fram að „Taki fleiri en eitt lið frá sama félagi þátt í móti, má enginn leikmaður leika nema með einu liði“

Að lokum er bent á tvö vitni sem geta staðfest málsatvik en það eru:

Nafn: Selma Pétursdóttir

Kennitala: 200887-2639

Heimilisfang: Staðarbakka 356

Nafn: Arnar Guðlaugsson

Kennitala: 2901685709

Heimilisfang: Eyrarvegur 14 Grundarfirði

III

Hið kærða félag lagði fram greinargerð þar sem eftirfarandi kom fram orðrétt:

„Hið kærða félag mótmælir ekki að hafa notað viðkomandi leikmann í bæði A og B liða leik. Skallagrímur mætti með 13 leikmenn og færði markmann A liðsins yfir í B liðið svo hægt væri að leika með fullskipað lið.

Markmaður A liðsins lék sem útileikmaður í B liðs leiknum. Þjálfari Snæfellsness vissi af þessu fyrir leik og samþykkti að viðkomandi leikmaður léki báða leikina. Skallagrímur vann leikinn 1-0 og með því að kæra úrslit leiksins, þar sem þau voru Snæfellingum ekki að skapi, sýna nágrannar okkar í vestri sitt rétta andlit og íþróttanda. Verði þeim að góðu með stigin þrjú, þau mega þau hirða okkur að neinalausu. Okkar markmið var að sem flestir fengju að

spreyta sig í uppbyggjandi og þroskandi leik þar sem úrslitin í þessum flokki eru ekki aðalatriðið að okkar mati.

Því má bæta við að þjálfari Snæfellsness lét reiði sína bitna á leikmanninum sem færður var á milli leiða og jós yfir hana skömmum eftir leik.“

IV.

Niðurstaða:

Í máli þessu er því haldið fram af kæranda að hið kærða félag hafi notað ólöglegan leikmenn í leik FS gegn Skallagrími í 5. Flokki kvenna þ.e. að leikmaður Skallagríms hafi bæði tekið þátt í leik með A liði og B liði.

Eins og fram kemur í greinargerð hins kærða félags UMF Skallagríms er það staðfest að markmaður A liðsins hafi jafnframt spilað með B liði Skallagríms sem útileikmaður. Jafnframt er því haldið fram að þjálfari FS hafi samþykkt þetta fyrirkomulag þar sem að Skallagrímur hafði einungis 6 leikmenn sem gátu spilað með B liði félagsins.

Í samræmi við grein 7.3. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót er eigi heimilt að leika nema með einu liði taki fleirri en eitt lið þátt í móti. Af gögnum málsins verður því ekki annað ráðið en að Skallagrímur hafi brotið gegn ákvæði þessu.

Með vísan til ofanritaðs ætti því að fallast á dómkröfur kæranda, FS, í máli þessu. Það verður hins vegar ekki ráðið af kæru kæranda hvort þess sé krafist að FS sigri A eða B liðs leikinn 3-0. Með vísan til greinar 7.2.4. í reglugerð KSÍ um Aga- og úrskurðarnefnd skal krafa vera skýr. Í ljósi þess hve kröfugerð kæranda er óljós er óhjákvæmilegt að vísa máli þessu frá.

V.

Úrskurðarorð:

Kæru FS á hendur UMF Skallagrím er vísað frá.

Sigurður Guðmundsson

Helgi Magnússon

Gunnar Guðmundsson

Um áfrýjun:

Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ skal vera 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.